

Samningur um umsjón og rekstur fólkvangsins í Krossanesborgum

1. gr.

Samningsaðilar

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Akureyrarkaupstaður, kt. 410169-6229 gera með sér samning um umsjón og rekstur fólkvangsins í Krossanesborgum í samræmi við 30. grein laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

2. gr.

Markmið samningsins

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur fólkvangsins sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum B nr. 162/2005.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins

Mörk hins friðlýsta svæðis eru:

að vestan: Norðurlandsvegur (þjóðvegur nr. 1)

að norðan: sveitarfélagsmörk (Lónið)

að austan: væntanleg gata, sbr. aðalskipulag Akureyrar 1998-2018

að sunnan: væntanleg gata, sbr. aðalskipulag Akureyrar 1998-2018

Svæðið afmarkast af eftirfarandi hnitum (ISN93):

Punktur	Hnit norður	Hnit austur
P1	580309.683	539450.209
P2	580050.736	539536.525
P3	579896.328	539656.407
P4	579812.170	539785.401
P5	579611.726	539935.973
P6	579052.594	539987.763
P7	578940.624	539818.488
P8	578773.268	539711.553
P9	578684.075	539636.267
P10	578592.485	539571.530
P11	578349.363	539430.548
P12	578469.245	539208.526
P13	578650.028	538996.573

4. gr.

Verndaráætlun

Umhverfisstofnun skal í samstarfi við Akureyrarkaupstaður og umhverfisnefnd Akureyrar vinna að gerð verndaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d lið 6. gr. laga um

Mj. KJA 5.3.14

náttúruvernd, nr. 44/1999. Verndaráætlunin lýsir stefnumótun og markmiðum um hvernig skuli viðhalda verndargildi svæðisins og haga nýtingu þess.

5. gr.

Umsjón og landvarsla

Akureyrarkaupstaður sér um daglega umsjón og rekstur fólkvangsins. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvæðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar. Með daglegri umsjón er m.a. átt við viðhald gönguleiða, merkinga, skilta og sorphreinsun.

Landvörður skal uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

6. gr.

Fræðsla

Akureyrarkaupstaður gefur út fræðsluefni, svo sem bæklinga og skilti um fólkvanginn og ber kostnað af þeirri útgáfu. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir uppsetningu skilta innan fólkvangsins.

7. gr.

Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir

Öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi skal vera í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir, auglýsingu um friðlýsingu Krossanesborga og samþykktar verndaráætlun. Varðandi allar framkvæmdir á verndarsvæðinu ber að fylgja ákvæðum 38. gr. laga um náttúruvernd og ákvæðum friðlýsingar Krossanesborga. Leyfi Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar Akureyrar þarf vegna framkvæmda á hinu friðlýsta svæði.

8. gr.

Skýrslugerð

Akureyrarkaupstaður skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi í friðlandinu. Skila skal skýrslu til Umhverfisstofnunar í lok hvers starfsárs. Í skýrslunni skal tilgreina ástand lands, fræðslu, gestafjölda, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi fólkvanginn.

9. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og verndaráætlun.

10. gr.

Gildistími og gildistaka.

Gildistími samnings þessa fyrir fólkvanginn er 10 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfis- og auðlindaráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

mm.?
KJA
4

13. gr.

Ákvæði um endurskoðun

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að 3 árum liðnum frá undirritun hans. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er 6 mánuðir.


14. gr.

Meðferð ágreiningsmála

Samkvæmt 74. gr. laga um náttúruvernd er heimilt að kæra til umhverfis- og auðlindaráðherra ákvörðun annars aðila en ráðherra um framkvæmd laganna. Umhverfis- og auðlindaráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.


Reykjavík, 11. febrúar 2014

F.h. Umhverfisstofnunar


Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri

F.h. Akureyrarbæjar


Eiríkur Björn Björgvinsson
bæjarstjóri

Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson
ráðherra

Vottar:

